

Motormax ehf.  
Vatnagörðum 12  
104 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2020  
UST202002-275/E.O.  
07.05.02

### Málslok – Ábending um ólöglega efnavöru

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 18. febrúar 2020 þar sem gerðar voru kröfur varðandi frávik vörunnar *Heet gas-line antifreeze & water remover* hvað varðar merkingu umbúða, öryggisblöð hennar og að þar sem varan flokkast sem eiturefni skuli hún ekki vera aðgengileg viðskiptavinum. Motormax ehf. er ábyrgt fyrir markaðsetningu vörunnar hérlandis og var hún í sölu á sölustöðum Bílanausts.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur með því að farga öllum fyrirliggjandi söลueintökum vörunnar hjá viðurkenndum förgunaraðila og hefur það verið staðfest af stofnuninni.

Að framansögðu telst máli þessu því lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirlit með tiltekinni vöru og því aðeins gerðar athugasemdir við framangreinda vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Motormax ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Virðingarfyllst



Einar Oddsson  
Sérfræðingur



Isak Sigurjón Bragason  
Sérfræðingur